

4. bekkur Glerárskóla

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslupættir í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla veffang: www.mrn.stjr.is**. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 4. bekk er 30.

Umsjónarkennarar í 4. bekk eru: Helga Ingadóttir og Hólmfríður Guðnadóttir.

Heimavinna

Gert er ráð fyrir að börnin lesi heima á hverjum degi. Með heimalestrarbókum fylgja blöð sem kvittu skal á og eru í plastmöppu. Önnur heimavinna á að vera í teygjumöppu. Nemendur fá möppuna með heimavinnu vikunnar ásamt vikuáætlun á mánudögum og eiga að skila möppunni á föstudögum. Heimanám hefst í byrjun september og lýkur í byrjun maí nema heimalesturinn sem er út skólaárið.

Heimavinna er fyrst og fremst til þess að æfa nemendur í atriðum sem hafa verið kennd í skólanum og til þess að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að fylgjast með og taka þátt í námi barnanna. Ekki er ætlunin að heimavinnan sé nokkrum ofviða og eru forráðamenn hvattir til að hafa samband við kennara ef svo er. Heimalesturinn er aðalatriðið í heimanámi, bæði lestur fyrir börnin og markviss lestrarþjálfun við hæfi hvers barns.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem einkunn er birt með hæfnieinkunn.

Gerð er námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytilegt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og stafsetning og málfræði.

Greinandi mat er fyrst og fremst til að greina sértækan námsvanda.

Leiðsagnamat er til að fylgjast með og sjá stöðu nemenda meðan á námi stendur þ.e. það ferli að afla upplýsinga um hvar nemandi er staddur í námi sínu og túlka þær. Til þess eru notuð lesfimiþróf.

Sýnismöppur eru notaðar til að geyma valin verkefni sem metin eru m.a. í þeim tilgangi að skoða stöðu og framfarir nemanda.

Íslenska

Helstu áhersluatriði:

Áhersla er lögð á skýran framburð og skilning á efni. Unnið er með lesefni af bókasafni og börnin eru aðstoðuð við val á lesefni sem ætlað er til frjáls lesturs bæði í kennslustundum og heima. Lögð er áhersla á samræður um lesefni og þjálfun í að lesa með gagnrýnum huga og að þroska ályktunarhæfni. Unnin eru ýmis skrifleg verkefni sem tengjast lesefni.

Framsögn fléttast inn í lestrarþjálfun með aukinni getu. Börnin eru hvött til að segja frá fyrir framan bekkinn og lögð er áhersla á að þau hlusti hvert á annað og sýni tillitssemi. Þau lesa upp fyrir bekkinn frásagnir, sögur og ljóð og flytja stutta leikþætti.

Kennd er ítölsk skriftargerð og lögð er áhersla á að börnin noti þá skrift í allri ritun og vandi skrift og frágang t.d. við sögugerð og ritun ljóða.

Börnin eru þjálfuð í að tjá sig í rituðu máli, skrifa málsgreinar, lýsingar, frásagnir og sögur í sögubók. Börnin skrá m.a. upplýsingar úr umhverfi sínu og úr léttum rituðum heimildum. Ýmsar skriflegar og munnlegar æfingar í málfræði.

Börnin læra nokkur ljóð utanbókar og læra um myndmál ljóða. Þau skrifa ljóð, sögur og frásagnir í vinnubækur og myndskreyta.

Íslenskan er samþætt öðrum námsgreinum og í vettvangsferðum er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér orðaforða sem tengist umhverfinu sem og örnefni. Viðfangsefni eru samþætt öðrum námsgreinum m.a. í þemavinnu þar sem unnið er út frá sögum og vettvangsferðum. Orð af orði.

Lestur:

Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Vegna þessa er mikilvægt að foreldrar og þeir sem annast börn séu meðvitaðir um mikilvægi lestrarnámsins og nái að skapa örvandi umhverfi varðandi mál, lestur og ritun. Það skiptir miklu fyrir börn að sjá foreldra sína lesa og að lestur sé hluti af daglegu heimilislífi. Ef fjölbreytt lesefni er sýnilegt á heimili og börn sjá foreldra taka sér lesefni í hönd hefur það áhrif. Jafnframt er afar mikilvægt að börn lesi í fríum því ef börn lesa ekki yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við um börn sem stríða við lestrarörðugleika en það getur tekið þau margar vikur að ná upp sömu færni eftir löng frí.

Í Glerárskóla er lögð áhersla á að nemendur lesi heima á hverjum degi í a.m.k. 15 mínútur, fimm sinnum í viku undir handleiðslu fullorðinna sem kvitta fyrir lesturinn í þar til gerða bók.. Gott er að hafa reglu á heimalestrinum þannig að lesturinn verði hluti af daglegum venjum og að skapa frið og ró í kringum lestrarstundina.

Námsefni

Ýmsar lestrar- og vinnubækur. Bækur af bókasafni. *Ritrún 3. Lesrún- lesa, skilja, læra.* Ýmis tölvuforrit. Skrift frá Námsgagnastofnun. Valin ljóð. Ítarefni frá kennurum.

Stærðfræði

Nemendur vinna með stærðfræði á sem fjölbreytilegastan hátt. Við vinnum með flokkun, stærðir, form, mælingar, pörun, talningu, talnalínu, mynstur og staðsetningarhugtök. Við leggjum áherslu á að börnin læri tölutáknin 0 – 100 og skilji hugtökin eining, tugur, hundrað, jafnt og, stærra en, minna en, fleiri og færri. Einnig er unnið með algeng stærðfræðihugtök, s.s. einingu, tug og hundrað. Aukið er vægi orðadæma og lögð er áhersla á að börnin leiti eigin lausna við verkefnum. Börnin læra á klukku og nota dagatöl. Nemendur vinna oft að mismunandi verkefnum í kennslustundum, einstaklings-, para- eða hópavinna. Margvísleg hjálpargögn eru notuð við kennsluna s.s. talnagrindur, kubbar, málbönd og vasareiknar.

Helsta námsefni: Sproti 4A og B (nemenda og æfingahefti), Í undirdjúpunum – samlagning, frádráttur, margföldun og deiling, Stjörnubækur sem aukaefni, ýmis talnahefti (ljósrit), heimaverkefni.

Námsmat

Námsmat: Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem einkunn er birt með hæfnieinkunn.

Gerð er námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytilegt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; að get spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

Samfélagsfræði

Fjallað er um landið okkar Ísland í víðu samhengi og tengsl Íslendinga við aðrar þjóðir. Einnig um samfélagið fyrr og nú og umhverfismál. Jafnframt er unnið með nánasta umhverfi skóla og bæjarfélags. Allir þættir samfélagsfræðinnar tengjast beint skólasýn okkar.

- Samfélagsvitund felst í því að barnið lætur sér annt um samferðafólk sitt, gerir sér grein fyrir samskiptareglum og getur hugleitt og rætt grundvöll þeirra. Við vinnum skv. kenningum Olweusar og reglulega eru haldnir bekkjarfundir.
- Umhverfisvitund felst í umhyggju fyrir umhverfi sínu og hæfileika til að greina samhengi á milli mannglegra athafna og náttúru.
- Söguvitund merkir tilfinningu fyrir liðnum tíma, nútíð og framtíð og vitund um að fyrirbæri mannlífisins eru breytingum undirorpin.

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Leitast er við að flétta hinar ýmsu námsgreinar í eina heild t.d. með því að nýta Söguaðferðina. Með því gefst nemendum tækifæri til að setja sig í spor annarra og glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í samvinnu og frjálsri sköpun. Aðferðin byggist á því að börnin búa til umhverfi (sögusvið) og sögupersónur (dúkkulísur). Síðan er hrundið af stað ákveðinni atburðarás sem börnin takast á við. Einnig er fengist við lesefni sem tengist viðfangsefnum greinarinnar. Hin ýmsu listaverk á Akureyri sem tengjast sögu okkar eru skoðuð. Lög áhersla á að nemendur tileinki sér örnefni í heimabyggðinni.

Námsefni: Komdu og skoðaðu landnámið. Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti. Komdu og skoðaðu landakort. Komdu og skoðaðu himingeiminn. Stjörnuvefurinn.

Námsmat: Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem einkunn er birt með hæfnieinkunn.

Náttúrufræði

Helstu áhersluatriði eru að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu úr eðlisvísindum, jarðvísindum og lífvísindum. Markmiðið er að veita undirstöðupekkingu og skilning á ferlum náttúrunnar og að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að umgangast auðlindir jarðar af virðingu. Fjallað er um upphaf Íslands, landnám plantna og dýra á landinu og áhrif árstíðabreytinga á lífríkið. Mikilvægt markmið er að efla forvitni og áhuga barnanna um fyrirbæri náttúrunnar. Einnig að vekja spurningar og áhuga á heimi tækninnar.

Námsefni: Náttúran allan ársins hring. Fuglarnir okkar. Komdu og skoðaðu hringrásina. Komdu og skoðaðu landakortin. Komdu og skoðaðu tæknina. Komdu og skoðaðu himingeiminn, Komdu og skoðaðu hafið. Ýmsar handbækur, myndbönd og forrit.

Námsmat: Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem einkunn er birt með hæfnieinkunn.

Siðfræði og trúarbragðafræði

Helstu áhersluatriði: Að börnin temji sér samskiptareglur sem byggja á kærleik og sáttfýsi. Þetta gerum við m.a. með því að lesa fyrir börnin sögur sem gefa tilefni til umfjöllunar um þessi atriði. Börnin fræðast um helstu hátíðisdaga kirkjuársins. Komið er inn á fjölmenningu og ólík trúarbrögð. Söngur og leikræn tjáning er þáttur í kennslunni. Þeir þroskaþættir, sem greininni er ætlað að efla, eru trúar-, siðgæðis- og félagsþroski þannig að nemendur verði hæfari til að taka ábyrga afstöðu í trúarlegum, siðferðilegum og félagslegum efnum.

Enska

Helstu áhersluatriði: Byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart ensku, nemendur kynnist grundvallaratriðum enskrar tungu og geti m.a. myndað og skilið einfaldar setningar. Kennslan að mestu leyti byggð upp á hlustun og tali. Ný orð „glósuð“ jafnóðum og þau koma fyrir. Nemendur öðlist grunnorðaforða í ensku.

Námsefni: Speak out, Work out og efni frá kennara.

Námsmat: Þar sem lögð er áhersla á hlustun og tjáningu tekur námsmatið mið af því. Verkefnavinna og kannanir verða uppistaðan í námsmatinu.

Lífsleikni

Mikil áhersla er lögð á að efla tilfinningaþroska og samskiptahæfni barnanna. Í fyrstu er lögð áhersla á að vinna með upplifun barnsins við skólabyrjunina. Skólinn er skoðaður og allt umhverfi hans til þess að gera barnið sem öruggast á þessum nýja vinnustað sínum. Í því sambandi má nefna mikilvægi reglna, að börnin átti sig á þeim og verði þjálfuð í að fara eftir þeim reglum sem gilda í skólastarfinu. Einnig að börnin geti tjáð sig um líðan sína við starfsfólk skólans og önnur börn og geti tjáð sig um helstu hugarefni sín og sagt frá atburðum. Áhersla er lögð á umræður um tilfinningar og að börnin átti sig á mismunandi tilfinningum. Börnin fá þjálfun í að setja sig í spor annarra. Jafnframt er

unnið með hópinn sem heild með það að markmiði að skapa gott andrúmsloft og góða bekkjarheild. Nemendur fá þjálfun í líkamsnuddi, slökun og teygjum. Lögð er áhersla á að börnin njóti sín í leik og starfi í skólanum, kunni að gleðjast og meta það umhverfi sem þau lifa í. Mikilvægt er að börnin læri að varast hættur í umhverfinu Námsgreinin lífsleikni tengist flestum þeim námsgreinum sem börnin fást við en ákveðið námsefni liggur þó til grundvallar lífsleiknikennslunni sem kennari fylgir eftir í daglegu starfi með börnunum. Kennslan byggist fyrst og fremst á umræðum, hlutverkaleikjum og verklegri þjálfun. Bekkjarfundir eru fastir liðir í skólasterfinu. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi.

Námsefni: Verkefni sem tengjast jákvæðum aga.

Myndmennt

Helstu áhersluatriði: Nemandinn skapi á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum. Hann vinni út frá kveikju og skapi myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. Hann hagnýti þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum. Nýti sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. Útskýri og sýni vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Áhersla er lögð á að nemandinn verði meðvitaður og ábyrgur í eigin framgöngu. Hann stundi nám sitt og gangi um umhverfi sitt á ábyrgan hátt, þjálfri sig og agi fyrir frekara nám.

Námsefni og kennslugögn: Verkefni frá kennara - myndlist I, myndlist II, Norski listavefurinn, námsefni unnið upp úr ýmsum kennslugögnum og bókum um myndlist.

Helstu kennsluáðferðir: Stuttir fyrirlestrar við upphaf verkefna, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, verklegar æfingar og hópstarf.

Námsmat: Leiðsagnarmat. Námsmat er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem greind voru í námsviðmið í þeim tilgangi að þjálfra og meta tiltekna hæfni hjá nemendum. Einnig er að einhverju leyti tekið mið af afrakstri vinnunnar. Hæfniviðmið aðalnámskrár eru grundvöllur fyrir námsmat og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor. Þau hæfniviðmið eru um leið hæfniviðmið skólans.

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Tónlist/sjónlist/sviðslist

Markmið:

- Að nemendur geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulegan hátt í eigin sköpun
- Að efla áhuga á tónlist og sviðslistum.
- Að þjálfra nemendur í aðferðum listgreinanna.
- Að þjálfra tón- og taktskyn.
- Að örva ímyndunarafl og geta hreyft sig óþvingað eftir tónlist.
- Að nemendur kynnist hljóðfærum og hljóðfærasmíði.
- Að nemendur kynnist ýmsum tegundum tónlistar.
- Að nemendur nái að tengja saman hreyfingu, túlkun og tónlist

- Að nemendur taki virkna þátt í leikrænu ferli í hópi og geti beitt fleiri en einu form leiklistar
- Að nemendur geti sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfendur

Námsmat: Umsögn um áhuga og frammistöðu.

Kennari: Hólmfríður Guðnadóttir

Upplýsingamennt og tölvunotkun

Á skólasafni vinna nemendur verkefni og fá lánuð gögn og bækur. Nemendur fá einn tíma á viku í tölvuveri.

Markmið – að nemendur

- æfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og sjálfstæðri þekkingaröflun á netinu
- noti kennsluforrit til að efla færni sína í öðrum fögum
- læri á teikniforrit
- læri fingrasetningu með reglubundnum æfingum.
- geti skrifað og prentað út eigin texta með hinum ýmsu möguleikum sem ritvinnsla býður upp á í Word.

Skipulag kennslu/kennsluhættir

Lögð er áhersla á að börnin komi reglulega á bókasafn skólans og finni sér bækur við hæfi. Fræðslan á safninu beinist helst að því að þjálfa kerfisbundið notkun safnsins og glæða bókalestur. Fjallað verður sérstaklega um fræðibækur og nemendur þjálfaðir í að leita upplýsinga um ákveðin atriði í þeim. Börnin fá grunnþjálfun í fingrasetningu á tölvu og rita stuttan texta í ritvinnslu. Þeim er kennt að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði s.s. að eyða texta, leiðrétta texta og rita stóra stafi. Einnig er þeim kennt að vista skjöl og ná í vistuð skjöl af hörðum disk. Farið verður í undirstöðuatriði ritvinnslu.

Námsefni/kennslugögn

Tölvur og ýmis kennsluforrit. Fingrafimi.

Námsmat

Tekið er mið af þeirri færni og áhuga sem nemendur sýna við tölvunotkun og upplýsingaleit. Í lok skólaárs er einkunn birt með hæfnieinkunn.

Heimilisfræði

Markmið

Nemandi á að

- þekkja og geta notað einföldustu eldhúsáhöld,
- geta notað með hjálp ýmis eldhústæki, s.s. brauðrist, samlokugrill, rafmagnsþeytara, vöfflujár, eldavél og örbylgjuofn
- geta unnið eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum og notað til þess algengustu mælieiningarnar
- geta gengið frá að verki loknu með leiðsögn

- vita hvað ber að varast við notkun áhalda og tækja (slysaþætta, hættuleg efni, notkun og geymsla)
- geta ráðað fæðutegundum í fæðuhring og þekkja fæðuflokkana
- gera sér grein fyrir nauðsyn handþvottar og almenns hreinlætis
- vita um gagnsemi og skaðsemi örvera
- vita hvað getur leitt til betra umhverfis (orkusparnaður, minni vatns- og pappírnotkun, endurvinnsla, minni notkun eiturefna)
- þekkja hugtökin umhverfisvernd, endurnýting, endurvinnsla og mengun
- geta flokkað almennt sorp frá heimili
- vita hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld og svefn)
- geta tjáð sig um þjóðlegan mat.

Skipulag kennslu/kennsluhættir. Nemendur vinna 2-3 saman í hóp. Kennari aðstoðar eftir þörfum en leitast er við að efla sjálfstæð vinnubrögð. Viðfangsefni eru mest í bakstri en einnig er unnið með grænmetis, ávaxtaflokk og mjólkurflokk.

Námsefni: Heimilisfræði fyrir 3. bekk, (les og vinnubók) Ljósritaðar uppskriftir.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá í heimilisfræði og metið samkvæmt því. Leiðsagnarmat fer fram alla önnina sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan á námi stendur.. Einnig er vinnubókin metin.

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir.

Textílmennt

Markmið: að nemendur

- ☉ læri að fitja upp í prjóni
- ☉ prjóni garðaprjón
- ☉ læri að hekla snúru, snúa band eða hnýta
- ☉ þjálfist í að þræða yfirtvinna á saumavél
- ☉ þjálfist í að sauma beina sauma á saumavél
- ☉ noti útsaum til skreytinga
- ☉ fái innsýn í tóvinnu
- ☉ geti notað hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar

Kennsluhættir:

Kenndar eru tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn og skal námið miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, **hugur - hönd – heilbrigði** þar sem m.a. er lögð áhersla á að nemendur þjálfist verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir.

Námsefni: Á prjónunum, Hannyrðir í 3.-6. bekk, uppskriftir, snið og verkefnaþöð.

Námsmat: Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferlinu, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, umgengni og framkomu auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn. Námsmat er birt með táknum og skriflegri umsögn. Auk þess er á haustönn gefin umsögn í dagbók í Mentor fyrir foreldraviðtöl.

Kennari: Sigrún María Guðmundsdóttir

Hönnun og smíðar

Hæfniviðmið:

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt,
- Gert grein fyrir nokkrum smíðaeffnum sem unnið er með.
- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,
- Framkvæmt einfaldar samsetningar,
- Bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglegar lífi,
- Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.
- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,
- Beitt líkamanum rétt við vinnu og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Kennsluhættir: Innlögn, sýnikennsla, verklegar æfingar, vettvangsferð.

Námsmat: Byggt er á leiðsagnarmati þar sem skoðað er hver nemandinn er staddur í námi sínu, hvert hann stefnir og þá hvernig best sé að standa að þeim aðgerðum. Þetta stuðlar að sjálfstæði nemenda og eflir skilning á markmiðum.

Kennari: Ólafur Viðar Hauksson

Skólaípróttir

Helstu áhersluatriði: Leikurinn er þungamiðja í kennslu á yngstastigi. Skynhreyfileikir, hlutverkaleikir, hlaupaleikir og markvissar æfingar sem efla skynfæri líkamans og bæta gróf- og fínhreyfingar. Helstu viðfangsefnin eru hlaup, hopp, kast og grip, spyrnur og jafnvægi í kyrrstöðu og á hreyfingu. Kollhnísar og veltur, þol í hlaupi, gripstyrkur, bókstyrkur og stöðugleiki, samhæfing augna og handa/fóta með og án bolta.

Leiðir: Fjölbreyttir ípróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar æfingar og leiki. Nemendum er skylt að koma með ípróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Ekki er leyfilegt að vera í skóm í ípróttatímum.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til ípróttaiðkunar.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmiðin sem merkt er við á Mentor eru unnin uppúr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar: Kári Jóhannesson, Hrefna Dagbjartsdóttir og Páll Viðar Gíslason

Skólasund

Helstu áhersluatriði: Megináhersla á aðlögun að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Aukin áhersla á grunnhreyfingar sundtaka í skriðsundi, baksundi, skólabaksundi og bringusundi. Einnig er lögð áhersla á að nemandur upplifi sundstaði á jákvæðan hátt þar sem þeir fá útrás fyrir hreyfipörf og félagsleg samskipti.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir

námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmiðin sem merkt er við á Mentor eru unnin uppúr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason